

Fundur í fræðslu og skólanefnd haldinn í Laugargerðisskóla 06.04.2016

Mættir eru: Kristín Björk, Harpa, Sigurður, Katrín og Sigríður Jóna.

Katrín setti fund og Sigríður ritar fundargerð.

1. Kristín Björk sagði frá starfi skólans. Unnið sérstaklega með þáttinn geðrækt í heilsueflandi skóla. Samstarf við foreldrafélagið sem fékk fyrirlestur fyrir alla á Breiðabliki um örugga netnotkun. Fyrirlestur um kvíða frá Ingu Stefánsdóttur sálfræðing fyrir starfsfólk foreldra og forráðamenn
2. Skólustjóri kynnti nýtt námsmat á tölvuskjá, verður notað í fyrsta sinn við útskrift 10. bekkja þetta vor.
3. Rætt um samstarf við aðra skóla.
4. Skóladagatal kynnt og samþykkt fyrir skólaárið 2016-2017, skólasetning 22.08.2016 og skólaslit 26.05.2017
5. Vinaliðaverkefni var til 3 ára og er að renna út. Skólustjóri mælir með því að það haldi áfram næstu 3 ár sem þýðir nýjan samning. Enginn mótmælti.

Fundi slitið.

Sigríður Jóna Sigr.
Katrín Geisladóttir
Kristín Björk Guðmundsd.
Sigurður Jónsson